



Bræðratunguvegur (359) og ný brú á Hvítá. Vígsla 9. september 2011. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra klippir á borða. Honum til aðstoðar eru Ragnheiður Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri.

Ný brú yfir Hvítá og Bræðratunguvegur formlega tekin í notkun

Áður birt á vegagerdin.is 09.09.2011

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, ásamt Hreini Haraldssyni vegamálastjóra, klippti á borða víða nýja brú yfir Hvítá föstudaginn 9. september og tók þar með formlega í notkun brúna og nýjan Bræðratunguveg. Vegurinn og brúin stytta leiðina á milli Reykhólts og Flúða í uppsveitum Árnessýslu um 20 km og mun skapa nýja möguleika í ferðaþjónustu á svæðinu.

Við þetta tækifæri minnti ráðherra á að í raun væri Vegagerðin menningarstofnun sem ekki einungis byggði brýr sem hluta af vegi heldur líka brýr á milli fólks, milli samfélaga og jafnvel milli mismunandi menningarheima.

Fram kom bæði í máli vegamálastjóra og Svans G. Bjarnasonar svæðisstjóra Suðursvæðis að brúin ætti sér langa sögu, bæði sögulega og einnig langa byggingarsögu frá því að hugmyndin um hana kom upp í kríngum 1985.

Fjölmenni var við hina formlegu opnun en heimamenn beggja vegna brúarinnar fögnuðu framkvæmdinni á margvíslegan máta.

Undirbúningur

Ný brú á Hvítá og vegur á milli Reykhólts og Flúða hefur verið lengi í umræðunni en um 1986 var farið að huga að undirbúningi hjá Vegagerðinni og skoðaðir hugsanlegir veglínukostir í tengslum við aðalskipulagsgerð í Hruna-mannahreppi.

Mat á umhverfisáhrifum

Framkvæmdin var ein af þeim fyrstu sem fór í gegnum mat á umhverfisáhrifum og var frummatskýrsla lögð fram í desember 1994 en var hún unnin af starfsfólki Vegagerðarinnar á Selfossi. Skipulagsstofnun lagði svo fram úrskurð sinn í

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 19. tbl. 19. árg. nr. 575 12. sept. 2011

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

febrúar 1995 og var fallist á framkvæmdina með þremur skilyrðum.

Framkvæmdir

Á árunum 1989 og 1990 má segja að unnið hafi verið að fyrsta áfanga framkvæmdarinnar þegar byggð var ný brú yfir Tungufljót og lagður nýr vegur frá Biskupstungnabraut að Einhóltsvegi. En sú brú leysti þá af hólmi mjög gamla stálgrindarbrú sem enn stendur ofar á Tungufljóti.

Í vegáætlun 1998-2002 var fjárveiting til verkefnisins á síðasta ári tímabilsins og þannig má segja að það hafi verið í þeim vegáætlunum sem samþykktar voru af Alþingi allt fram til ársins 2007. Fjárveitingar voru íðulega á síðasta tímabili fjögurra ára áætlunar og það litlar að umfangi að ekki nægði til framkvæmda við brú og veg. Á árinu 2002 var þó farið í fyrsta áfanga vegarins eftir mat á umhverfisáhrifum en það var færsla vegarins á um 1 km kafla um land Galtalækjar.

Í vegáætlun 2007- 2010 var hinsvegar fjárveiting til verksins sem tryggði að hægt væri að byrja á framkvæmdum og var hafist handa við verkhönnun brúar og vegar árið 2007 og framkvæmdir boðnar út í mars 2009.

Verkframkvæmd

Markmið framkvæmdarinnar er að stytta og bæta samgöngur í uppsveitum Árnessýslu og auka umferðaröryggi með því að uppfylla hönnunarkröfur og leggja bundið slitlag á veginn. Jafnframt er nýjum vegi ætlað að bæta aðgengi ferðamanna og sumarhúsagesta að vinsælum áningar- og ferðamannastöðum. Þessi nýja leið styttr vegalengdina á milli Flúða og Reykhólts um 20 km. Áður voru stystu leiðir um Brúarhlöð eða um Skálholt en álíka langt er að fara um hvora leið fyrir sig.

Heildarlengd nýs Bræðratunguvegar er um 7,5 km frá Hrunamannavegi um Hvítá að Biskupstungnabraut. Á framkvæmdatíma var skipulagi á Flúðum breytt og varð því tilfærsla á veginum þar auk þess sem ákveðið var að bæta við hringtorgi og breyta vegtengingum við Hrunamannaveg, að iðnaðarhverfi á Flúðum og tengingu við Hvítárbakkaveg. Kom þetta til ekki hvað síst til að virða kröfu um öryggissvæði flugbrautarinnar á Flúðum.

Efnisflutningar í veginn allan voru um 400.000 m³ sem tekið var úr skeringum í vegstæði og námum.

Í brúna fóru ríflega 4.000 m³ af steypu og ríflega 190 tonn af steypustyrktarstáli.

Vegurinn er 8 m breiður og krappasta beygjan er með radíus 375 m næst Biskupstungnabraut.

Ný brú á Hvítá er 270 m að lengd, eftirspennit og í 6 höfum. Tvær akbrautir eru á brúnni og er samanlögð breidd þeirra 9 m, auk þess sem 2 m breið göngu/reiðleið er á brúnni. Heildarbreidd brúar er 12,0 m.

Áætlaður heildarkostnaður vegna verksins er 1.140 m.kr. Þar af er kostnaður vegna hönnunar umsjónar og eftirlits um 65 m.kr. Efniskostnaður um 130 m.kr.


Helstu aðilar verksins

Vegagerðin á Suðursvæði sem er verkkaupi hafði umsjón með undirbúningi og hönnun vegar og brúar, auk mats á umhverfisáhrifum.

Veghönnunardeild Vegagerðarinnar sá um verkhönnun vegar og gerð útboðsgagna. Brúadeild Vegagerðarinnar sá um hönnun brúar og jarðfræðideild Vegagerðarinnar sá um allan jarðfræðilegan undirbúning.

Nýframkvæmdadeild á Suðursvæði hafði umsjón með framkvæmdinni og eftirlit með vegagerð en VSÓ ráðgjöf sá um eftirlit með brúargerð.

Mikil og góð samvinna við allan undirbúning og á fram-



kvæmdastigi var við Bláskógabyggð (Áður Biskupstungnahrepp) og Hrunamannahrepp, sem og þær stofnanir sem að málinu komu.

Verktaki var Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf.

Helstu undirverktakar voru: Jáverk ehf. sem sá um smíði brúar og Fossvélar sem sáu um efnisvinnslu.



Heiðursmenn Vegagerðarinnar við vígslu voru Jón Smári Lárusson og Guðmundur Guðbrandsson. Skeravörður var Rósa Kristín Jóhannesdóttir. Bakvið Rósu stendur Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi uppsveita Árnæsýslu en hún var tengiliður heimafólks við vígsluathöfn.

Auglýsingar útboða

Vaðlaheiðargöng, eftirlit 11-055

Vegagerðin, fyrir hönd Vaðlaheiðarganga hf., óskar eftir tilboðum í eftirlit með gerð Vaðlaheiðarganga milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals.

Jarðgöngin verða um 7,2 km löng í bergi og er breidd þeirra 9,5 m í veghæð. Heildarlengd vegskála er um 320 m. Verkið nær enn fremur til lagningar um 4,1 km af nýjum vegum. Eftirlitið nær einnig til stýrikerfis, fjarskiptakerfis, hraðamyndavéla og gjaldtökukerfis ganganna.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnisvals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1, Akureyri og Borgarúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 12. september 2011. Verð útboðsgagna er 10.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 25. október 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað inn tilboðum.

Síðari opunarfundur verður þriðjudaginn 1. nóvember 2011 klukkan 14:15 þar sem lesin verður upp stigagjöf bjóðenda í hæfnismati og verðtilboð hæfra bjóðenda opnuð.

Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Djúpvegur (61) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafjarðarbotni

Í þessu blaði er auglýst útboð á gerð tveggja brúa og vegar í Álftafjarðarbotni í Ísafjarðardjúpi. Í júní sl. var skrifuð kynningarskýrsla um þessa framkvæmd og má finna hana á vegagerdin.is undir framkvæmdir.

Framkvæmdin felst í endurbótum á 0,6 km kafla á Djúpvegi (61) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafjarðarbotni í Súðavíkurhreppi. Djúpvegur er stofnvegur. Djúpvegurinn ásamt Vestfjarðavegi (líka stofnvegur) frá Dalsmynni í Borgarfirði að Djúpvegi í Geiradal í Reykhólahreppi er aðalvegurinn milli norðanverðra Vestfjarða og Hringvegar. Djúpvegurinn er TERN-vegur (hluti af Trans European Road Network).

Ríkisstjórn Íslands ákvað á fundi sínum á Ísafirði þann 5. apríl 2011 að veita 350 m.kr. til vegagerðar á Vestfjörðum, umfram þær fjárveitingar sem eru á samgönguáætlun. Vegagerðinni var falið faglegt val á verkefnum.

Framkvæmdasvæðið er í Súðavíkurhreppi og nýr vegkaflí fer um land jarðanna Minni-Hattardals, Seljalands og Svarfhóls.

Vegagerðin hefur lengi viljað byggja nýjar brýr á Seljalandsós og Seljalandsá. Núverandi brýr voru smíðaðar árin 1956 og 1957 og eru því komnar nokkuð til ára sinna. Nýjar brýr verða af álka lengd og núverandi brýr, en tveggja akreina í stað einnar akreinar. Áformað er að nýjar brýr á Seljalandsós og Seljalandsá komi rétt neðan núverandi brúa. Nýr vegkaflí verður um um 0,6 km langur. Núverandi vegur er með alltof krappri beygju austan brúar á Seljalandsósi og telst því hættulegur. Stytting vegna breytinganna er um 89 m.

Djúpvegur (61) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafjarðarbotni 11-049

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í ný- og endurlögn á 0,6 km kafla Djúpvegar um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafjarðarbotni í Súðavíkurhreppi og smíði tveggja brúa á þeim kafla; á Seljalandsósi (14 m) og Seljalandsá (8 m).

Helstu magntölur eru:

Vegagerð	
Fylling og fláafleygar	28.000 m ³
Rofvarnir	2.900 m ³
Skering	1.000 m ³
Neðra burðarlag	1.800 m ³
Efra burðarlag	1.000 m ³
Tvöföld klæðing	5.200 m ²
Brúasmíði	
Rofvörn	700 m ³
Gröftur	2.700 m ³
Mótafletir	1.460 m ²
Steypustyrktarjárn	42,4 tonn
Spennt jarnalögn	2,1 tonn
Steypa	450 m ³
Vegrið á brýr	48 m

Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. september 2012. Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 12. september 2011. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 27. september 2011 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Sjá loftmynd á næstu síðu

© Landmælingar Íslands

Hestfjarðarheiði



Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Eftir framkvæmd.

Hringvegur (1), Vesturlandsvegur, milli Hafravatnsvegjar og Þingvallavegjar

Nú er lokið framkvæmdum við tvöföldun Hringvegjar milli Hafravatnsvegjar í Mosfellsbæ og Þingvallavegjar. Vegurinn er nú með 2+2 sniði og þriggja metra miðdeili og vegriði á milli til að aðgreina akstursstefnur.

Á mótum Hringvegjar og Álafossvegjar er nú tvöfalt þriggja arma hringtorg. Milli hringtorgsins við Þverholt og hringtorgsins við Álafossveg var vegurinn breikkaður í suður en nyrðri kanturinn sem er nær íþróttasvæðinu er nánast óbreyttur.

Kaflinn norðan Álafossvegjar að hringtorginu við Þingvallaveg var breikkaður norðvestan megin.

Brúin á Hringveginum yfir Varmá var breikkuð báðum megin og undirgöngin þar austan megin lengd til suðurs. Stígur frá undirgöngunum var lagður í nýrri legu fjær Hringveginum, á nýrri göngubrú yfir Varmá og yfir Álafossveg um nýja miðeyju þar. Undirgöng úr stáli við Ásland voru lengd í átt frá byggðinni. ■



Fyrir framkvæmd.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
11-047 Vestfjarðavegur (60), Eiði - Pverá	2011
11-048 Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundastaðavegur í Steingrímsfirði	2011
11-017 Reykjanesbraut (41) undirgöng við Straumsvík	2011
11-005 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2011	2011

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
11-049 Djúpvvegur (61) um Seljalandsós og Seljalandsá í Álftafjarðarbotni	12.09.11	27.09.11
11-055 Vaðlaheiðargöng, eftirlit	12.09.11	25.10.11
11-054 Vaðlaheiðargöng, stálbitar fyrir bráðabirgðabrá	05.09.11	27.09.11
11-042 Vaðlaheiðargöng bráðabirgðabrá fyrir vinnuumferð	29.08.11	13.09.11

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
11-050 Strandavegur (643), brú á Staðará í Steingrímsfirði	08.08.11	30.08.11
11-043 Fáskrúðsfjarðargöng, endurbætur á rafkerfi	18.07.11	30.08.11
11-040 Hafnarfjarðarvegur (40), gatnamót í Engidal, endurbætur	08.08.11	23.08.11
11-039 Hringvegur (1), göngubrú við Krikkahverfi í Mosfellsbæ	25.07.11	16.08.11
11-020 Vetrarþjónusta 2011-2014, Þingeyri - Flateyri - Suðureyri	18.07.11	03.08.11
10-057 Hringvegur (1) brú á Ystu - Rjúkandi	04.10.10	26.10.10

Samningum lokið	Opnað:	Samið
11-012 Hringvegur (1), Norðausturvegur - Hróteyjarvísl, styrking og endurbætur Árni Helgason ehf. kt. 670990-1769	09.08.11	06.09.11

Forval í vinnslu	Auglýst:	Opnað:
11-018 Vaðlaheiðargöng	28.03.11	03.05.11

Útboð fellt niður, öllum tilboðum hafnað
11-019 Vetrarþjónusta 2011-2014, Brjánslækur - Bíldudalur



Í sumar hefur verið unnið að breikkun og styrkingu á hluta Laugarvatnsvegar austan Laugarvatns. Þetta er fjölfarin ferðamannaleið og nokkur óþægindi hafa verið af grófu yfirborði framkvæmdasvæðisins. Nú er unnið að lögn bundins slitlags á kaflanum og vandræðin því senn að baki á þessum stað. En það er víðar unnið að samskonar framkvæmdum og þannig verður það næstu ár og áratugi. Mjög víða eru fjölfarnir vegir of mjóir og með of lítið burðarþol. Þá verður að bæta á þennan hátt og verður að framkvæma það með umferð á veginum. Þá reynir á góða samvinnu Vegagerðarinnar, verktaka og vegfarenda. Allar merkingar verða að vera í lagi og þær skal virða.